

Viðmið um vottun bakhjarla

Hagstofa Íslands getur veitt **Íslenskum háskólum og rannsóknastofnunum/fyrirtækjum** vottun sem bakhjarl rannsókna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum sem metin eru á grundvelli umsóknar bakhjarl og mögulegum fylgiskjölum ásamt öðrum opinberum upplýsingum:

- 1. Eitt meginverkefna eða stefnumál viðkomandi bakhjarls verður að tengjast eða snúast um rannsóknir.**
- 2. Bakhjarl skal uppfylla annað hvort viðmið a eða b:**
 - a. Saga eða orðspor bakhjarls skal einkennast af hágæða rannsóknum sem eru aðgengilegar almenningi og eru unnar í almannabágu; reynsla bakhjarls við framkvæmd rannsókna skal vera metin á grunni tiltækra lista um útgáfur og rannsóknarverkefni sem hann hefur tekið þátt í.**
 - b. Bakhjarl er opinber stofnun eða ráðuneyti með ríkar greiningarþarfir vegna stefnumótandi stjórnsýsluákvæðana.**
- 3. Bakhjarl skal vera sérstök lagaleg eining og einblína á rannsóknir eða vera rannsóknardeild innan stofnunar; bakhjarl skal vera sjálfstæður, sjálfráða í að setja fram vísindalegar niðurstöður og aðgreindur frá stefnumótandi þáttum þeirrar stofnunar/fyrirtækis sem hann tilheyrir.**
- 4. Bakhjarl skal uppfylla forsendur um upplýsingatækni og innviði til að tryggja gagnaöryggi í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra laga, m.a. reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.**